

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Fögruvík í landi Pétursborgar í Hörgárbyggð.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Fögruvík í landi Pétursborgar í Hörgárbyggð.

Breytingin felst í því að bætt er við tveimur byggingarreitum (lóðir 11 og 12) austan núverandi frístundabyggðar í Fögruvík. Á uppdrættinum kemur fram að stærð húsanna verði um 63 fm en að öðru leyti er vísað í skilmála með gildandi deiliskipulagi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Glæsibæjarhrepps 15. júní 1993.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og Skipulagsstofnun hefur farið yfir málgögn skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hörgárbyggð, 12. apríl 2005.*

**Helga A. Erlingsdóttir** sveitarstjóri.